

Forvarnastefna FÍF – Aðgerðaáætlun 2014-2017

Forvarnastefna FÍF

Aðgerðaáætlun sem byggir á forvarnastefnu FÍF er hér sett fram ásamt gátlistum og fylgiskjölum sem meðal annars gefa dæmi um framkvæmd einstakra liða hjá tilteknum framhaldsskóla/-um hvernig vinna má að þeim markmiðum sem fram koma í aðgerðaáætlun.

Aðilar málsins

Skólameistarar, nemendur, foreldrar, starfsfólk skóla, mennta- og menningarmálaráðuneytið, velferðarráðuneytið, sveitarfélög, Íþróttahreyfingin og ungmennafélög, lögreglan, fjölmiðlar og fréttamenn og ráðgjafar.

Framtíðarsýn

Ungt fólk á framhaldsskólaaldri hefur sterka sjálfsmynd, lifir heilsusamlegu lífi, drekkur ekki, notar hvorki tóbak né vímuefni, hugar að næringu, hreyfingu og svefni, hefur heilbrigða sýn á sig sem kynverur og gætir að gagnkvæmri virðingu í samskiptum við annað fólk.

Stefnan

- ✓ **Að bæta almenna heilsueflingu ungs fólks**
- ✓ **Að auka virðingu í samskiptum**
- ✓ **Að vinna gegn notkun á áfengi, tóbaki og öðrum vímuefnum**

Forvarnastefnan - framkvæmd

Sameiginleg forvarnastefna FÍF: við viljum

- ✓ bæta almenna heilsuefingu ungs fólks
- ✓ auka virðingu í samskiptum
- ✓ vinna gegn neyslu áfengis, tóbaks og annarra vímuefna

Hvað er gert?

Allir skólar setja fram sameignlega forvarnastefnu, kynni hana og lýsi yfir stuðningi við hana leynt og ljóst. FÍF haldi árlega fund með öllum forvarnar- og félagslífsfulltrúum innan skólanna þar sem sem aðilar heilsuefandi skóla koma að fundinum ásamt öðrum fagaðilum sem kallaðir eru til svo sem þurfa þykir hverju sinni. Einnig að FÍF sjái um póstlista forvarnafulltrúa, þjónusta hann og halda utan um hann og tryggja að aðeins starfandi forvarnafulltrúar séu á listanum hverju sinni.

Hvernig?

Allir skólar geri sameignlega stefnu sýnilega á heimasíðum sínum, fundi með starfsfólki og kynni stefnuna starfsfólki, nemendum, foreldrum og fjölmiðlum á heimasvæði.

Aðgerðir

Skólayfirvöld sjái til þess að starfrækt sé virkt forvarnateymi, þar mætti hugsanlega samnýta og láta virka saman HEF fulltrúa í skólanum, forvarna- og félagslífsfulltrúa og janfréttisfulltrúa. **Tryggt sé fjármagn til teymisins sem og starfs forvarna- og félagslífsfulltrúa.**

Gátlisti

- ✓ Er forvarnafulltrúi við skólann? Er til stefna um skólabrag, forvarnir og félagslíf?
- ✓ Er teymisvinna nú þegar við skólann varðandi forvarnir, félagslíf og skólabrag? Mætti nýta HEF teymi?
- ✓ Er gert ráð fyrir að teymið hafi fundartíma í stundatöflu?
- ✓ Hefur forvarnafulltrúi aðstöðu til að taka á móti nemendum í viðtöl?
- ✓ Er forvarnastefna uppfærð reglulega og farið yfir markmið sem sett hafa verið?
- ✓ Er markvisst unnið að aukinni þátttöku foreldra í forvarnastarfi? (facebúkkgrúpa, rafræn upplýsingagjöf, reglulegir tölvupóstar).

Móttaka nýnema/nýnemadagur

Móttaka nýnema sé jákvæð og uppbyggileg. Busavígslur í núverandi mynd verði afnumdar með öllu. Öllu ofbeldi, niðurlægingu og sóðaskap er hafnað.

- Hvað?** Busavígslur afnumdar með öllu með skilvirkum hætti – nýnemamóttaka skilgreind og endurskoðuð reglulega.
- Hvernig?** Samkomulag sé milli stjórnenda skólans og nemendafélaga um hvernig móttöku nýnema skuli háttað, enda er um sameiginlegt verkefni skóla og nemendafélags að ræða. Þannig er lögð áhersla á að halda til haga skemmtilegum siðum og venjum þar sem nemendur eru boðnir velkomnir.
- Aðgerðir** Í byrjun annar verði fyrirkomulag kynnt rækilega fyrir starfsfólki, nemendum, foreldrum og fjölmiðlum. Tilgreint er hvaða skólar hafa ákveðið að breyta og hvernig. Búa mætti til sameiginlega fréttatilkynninu með yfirliti um hvernig þessum málum er háttað á landsvísu.
- Gátlisti**
- ✓ Er busavígsla enn við lýði í skólanum?
 - ✓ Samstarf við nemendafélag um breytt fyrirkomulag, hvaða siðum og hefðum skal haldið, hverjum hafnað.
 - ✓ Jafnvel má búa til nýjan viðburð, gleðidag, þar sem eitthvað allt annað er gert, til að breyta hefðum og senda skýr skilaboð.
 - ✓ Mikilvægt er að skoða hvernig móttöku nýnema er háttað, er sérstakur nýnemadagur með kynningu á innviðum skólans, skipulagi og fleira?
 - ✓ Nýnemaball verði haldið í upphafi annar.
 - ✓ Gátlisti saminn fyrir nemendafélög um framkvæmd móttöku nýnema.

Dansleikir

Allir dansleikir á vegum skóla /nemendafélaga verði lokaðir og haldnir til kl. 01. Lögð verði áhersla á að fyrirkomulag dansleikja verði fjölbreytt (fjöldi atriða, skreytingar, þemu). Unnið verði eftir skýrt afmörkuðum reglum í gæslu og ekki gerðar undantekingar. Fyrirkomulag dansleikja og utanumhald verði í stöðugu endurmati, enda erfitt fyrir skóla að ábyrgjast síkar samkomur. Stuðlað verði að fjölbreyttara félagslífi.

Hvað?

Skólar sammælist um að dansleikjum ljúki alltaf fyrir kl. 01. Fjöldi dansleikja á skólaári verði haldið í hófi/ lágmarki.

Hvernig?

Sameiginleg yfirlýsing FÍF um dansleikjahald gefi skýr skilaboð út á við um hvernig málum er háttað (fyrirkomulag, undirbúningur, viðurlög). Lögð áhersla á jákvæða sýn á skemmtanir skólans. Sérstök áhersla sé á að árshátíðir glæsidansleikir séu haldnir sem fela í sér undirbúning svo sem danskennslu (mætti fella inn í íþróttir), samfellda skemmtun frá borðhaldi til dansleiks. Skólar styðji framkvæmdina til dæmis með eftirsóknarverðum skemmtiatriðum, kennarar þjóni til borðs, séu með skemmtiatriði o.fl.

Aðgerðir

Utanumhald yfirfarið árlega:

- ✓ Er haldinn ballfundur fyrir hvert ball?
- ✓ Eru send út skilaboð til forráðamanna um dansleiki og fyrirkomulag þeirra (tími, rútur, strætó, viðurlög, ábyrgð foreldra).
- ✓ Er edrúpottur? Eru notaðir áfengismælar? Hvernig eru þeir notaðir?
- ✓ Hvernig eru tilvik skráð? Hver eru viðurlög og eftirfylgni?
- ✓ Hvernig er gæsla skipulögð ? Hvert er hlutfall utanaðkomandi gæslu v. nemendagæslu ?
- ✓ Er gestalisti? Eru reglur um misnotkun á honum? (hámark 1 gestur?).
- ✓ Hver er ábyrgð kennara á ballvakt?
- ✓ Hver er ábyrgð skólans?
- ✓ Eru foreldrar á vakt?
- ✓ Eru þjálfarar á vakt? (afrekssamningar/íþróttakademíur).

Félagslíf

Unnið verði markvisst að samvinnu við nemendafélög um skipulagningu félagslífs sem ýtir undir edrúmennsku. Með áherslu á að nýta skólahúsnæði meira fyrir viðburði, kvöldvökur, þemadaga, fyrirlestra, keppnir og árshátíð ef þess er kostur. Gætt verður að því að yfirbragð viðburða einkennist af gleði, virðingu, jafnrétti og gæðum, en stemmt stigu við klámvæðingu, ofbeldi og valdniðslu.

Hvað?

Unnið verði markvisst að hugmyndavinnu um félagslíf hvert skólaár og það skipulagt vel fram í tímann (viðburðadagatal). Félagslífs/forvarnafulltrúi fundi með nemendafélagi vikulega. Sami fulltrúi fylgi þeirri vinnu eftir með forvarnateymi skólans. Skólar hampi og segi frá öllum viðburðum sem takast vel og eru hluti af heilbrigðu félagslífi. Nemendum sem standa sig vel sé hampað innan og utan skóla. Styðja við jákvæða umfjöllum í fjölmiðlum og draga fram það sem vel er gert.

Hvernig?

Félagslífs/forvarnafulltrúi fundi með nýju nemendafélagi við nemendafélagsskipti og fari yfir hlutverk og skyldur hvers og eins í stjórn nemendafélagsins.

Siðareglur séu settar um félagslíf skólanna og útgefið efni nemendafélaga, útvarpsstöðvar, skólablöð, facebook á vegum nemendafélaganna o.fl.

Aðgerðir/gátlisti

Þessi atriði má hafa í huga í aðkomu skóla að félagslífi:

- ✓ Fundar félagslífs/forvarnafulltrúi reglulega með nemendum? Eru til starfsreglur sem hjálpa stjórnemendafélaga að gera sér grein fyrir ábyrgð sinni og skyldum?
- ✓ Hafa stjórnendur yfirsýn yfir dagskrá nemendafélagsins?
- ✓ Leita má í rann þeirra skóla sem hafa prófað sig áfram með ólíka viðburði og verkefni sem hafa gefist vel (miðlægur samráðsvettvangur? FÍF?).
- ✓ Býður skólinn fram aðstöðu og leggur til húsvörslu, fé til vakta kennara? Hver er hvatinn fyrir nemendafélög að nýta skólahúsnæði í stað þess leigja húsnæði út í bæ?
- ✓ Eru til praktískir verkefnalistar um fyrirkomulag fastra viðburða eins og söngvakeppnir, Morfís og fleira?
- ✓ Tekur starfsfólk þátt og sýnir viðburðum nemendafélaga velvilja og áhuga?

Foreldrasamstarf

Með breyttri ábyrgð skóla, sérstaklega hvað varðar nemendur undir 18 ára aldri, er nauðsynlegt að efla foreldrasamstarf í framhaldsskólum. Foreldrar eru lykilaðilar í forvörnum og skólar þurfa að vera í sterkum tengslum við þá varðandi upplýsingagjöf og senda skýr skilaboð varðandi heilbrigðan lífsstíl.

Hvað?

Markviss, stigvaxandi vinna með eflingu foreldrasamstarfs og foreldraráðs. Fræðslufyrirlestrar fyrir aðstandendur. Foreldara vinni í samvinnu við nemendafélögin.

Hverjir?

Skólayfirvöld, forvarnar- félagslífsfulltrúi- forvarnarteymi, foreldraráð, námsráðgjafar, umsjónarkennarar.

Aðgerðir

- ✓ Fræðslu og upplýsingafundir með foreldum nýnema að hausti og /eða vori og svo sem þurfa þykir. Skólar skilgreini verklag um reglulega upplýsingamiðlun til foreldra vegna atburða á vegum skólans, nemendafélags o.fl.
- ✓ Facebook-hópur fyrir foreldra, markviss upplýsingargjöf um viðburði, rafrænt blað.
- ✓ Foreldrar þekki og hafi aðgang að viðburðadagatali nemendafélagsins.
- ✓ Skólar upplýsi foreldra um hvaða atburðir séu á vegum skólans og um fyrirkomulag gæslu .
- ✓ Skýr skilaboð starfsmanna skóla til forelda um að þeir leyfi ekki eftirlitslaus partý, samþykki ekki áfengisdrykkju né notkun annara vímuefna, að þeir séu til taks þurfi að sækja ungmenni á skemmtun.
- ✓ Skýr skilaboð um ábyrgð foreldra á ungmennum sínum.
- ✓ Foreldrar annist útigæslu á skemmtunum á vegum skólans..

Skólabragur

Með skólabrag er átt við gæði og megineinkenni skólastarfsins. Skólabragur endurspeglar markmið, gildi, samskipti, ríkjandi viðmið, kennslu- og námshætti, sem og skipulag skólans. Starfsfólk, nemendur og foreldrar móta skólabrag á hverjum tíma.

Hvað?

Jákvæður skólabragur ýtir undir betri samskiptahæfni nemenda, þeir temja sér gagnkvæma virðinu, umburðarlyndi, samkennd og skilning. Þar sem ríkir góður skólabragur eykst sjálfsagi nemenda, ábyrgðarkennd þeirra verður ríkari, umgengni batnar og virðing fyrir skólareglum verður meiri.

Kveðið er á um að hugað sé sérstaklega að skólabrag í framhaldsskólalögum.

Hvernig?

Reglulegar kannanir á líðan nemenda og starfsfólks eru mikilvæg tæki sem nýta má til að draga fram og vinna í atriðum sem betur mættu fara varðandi skólabrag.

Grunnhugtök eins og virðing og heiðarleiki séu höfð að leiðarljósi í samskiptum.

Aðgerðir

Skýr skilaboð séu send um hvað er rétt og hvað er rangt og sýnilegt hvernig er tekið á málum (verklagsreglur).

Skólar marki sér stefnu varðandi skólabrag þar sem skoðað er hvaða kostir og gallar séu við ríkjandi ástand og hverju megi breyta. HEF verkefnið rímar mjög vel við hugmyndir um skólabrag og mætti nýta það til að byrja að vinna með skólabraginn og huga að hvernig menning og samfélag ríkir innan skólans.

Sýnileiki skóla

Unnið verði að samráðsvettvangi fyrir skólana á höfuðborgarsvæðinu – forvarnahópar í sveitarfélögum. Skólarnir noti hvert tækifæri til að koma skólanum á framfæri. T.d. sérstakur framhaldsskóladagur?

Hvað?

Framhaldsskóladagurinn verði festur í sessi sem kynningardagur (sami dagur í skóladagatali allra skóla). Um væri að ræða kynningardag þar sem skólarnir gætu verði með viðburði, þema, sem skólarnir gætu notað til að kynna Starfsemi sína. Einnig mætti hugsa sér þennan dag sem opinn dag/2 kennslustundir.

Skólar leggi áherslu á að draga fram jákvæða þætti í skólastarfinu.

Samráð og samtal við nærumhverfi (forvarnaraðilar, lögregla, ungmennahús, grunnskólar).

Töff að vera edrú

Framtíðarslagorð í forvarnavinnu?

Vinna með afreksmenn, dugnaðarforka, félög innan skólans.

Hvað?

Lögð verði sértök áhersla á að gera samninga/samkomulag við afreksmenn um lífsstíl (akademíur) nemendum verði umbunað og hampað fyrir að vera edrú: „*Það er töff að vera edrú*“. Edrúpotturinn verði veglegur. Safnverðlaun, minni verðlaun eftir hvert ball. Heildaruppgjör eftir öll böll skólaársins – vegleg verðlaun - samvinna við nærumhverfi.

Hvernig?

Útfærsla í höndum skólans. Getur falist í styrkjum til ferðalaga ofl.

Ráðgjafar: Sigríður Hulda Jónsdóttir, M.A. Náms- og starfsráðgjöf.

Guðfinna Gunnarsdóttir, framhaldsskólakennari og verkefnisstjóri.